

Fundargerð framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands.

Fundur haldinn 7. febrúar 2011 í Hermes Reyðarfirði kl. 13:00. Mættir: Ólafur Sigurðsson formaður stjórnar, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

#### Dagskrá fundarins.

1. Fyrirkomulag funda
2. Ráðningarsamningur Helgu Þórarinsdóttur
3. Undirritun prókúru
4. Stofnskjal
5. Þjónustuhópur SKA
6. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði
7. Önnur mál

1. Ólafur setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Ákveðið var að fundargerðir verði færðar í tölvu og staðfestar með undirritun á næsta fundi.
2. Ráðningarsamningur Helgu Þórarinsdóttur lagður fyrir og kynntur.
3. Prókúra fyrir Helgu og Sigurbjörn vegna þriggja reikninga í Landsbankanum undirrituð. Reikningarnir eru vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks og tveggja minningarsjóða sem voru í vörslu SAust.
4. Stofnskjal vegna þjónustuvæðis um málefna fatlaðra á Austurlandi lagt fram til kynningar.
5. Rætt um Þjónustuhóp SKA. Hópurinn hefur haldið einn fund og annar verið boðaður í næstu viku. Sigurbjörn mun gera stjórn grein fyrir fundunum.
6. Rætt um framlag Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks. Fyrsta greiðsla hefur borist og verið greidd til þjónustuvæðanna en enn á eftir að útfæra hvernig heppilegast verður að haga greiðslu útsvarshlut sveitarfélaga til byggðasamlagsins. Ólafur og Sigurbjörn munu vinna að útfærslu. Jafnframt var áréttað að þjónustuvæðin tvö haldi til haga breytingarkostnaði vegna málaflokksins.
7. Önnur mál:
  - a. Vakín athygli á bréfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna frumvarps um breytingar á 75.gr. barnav.laga sem fjallar um hver eigi að bera kostnað vegna skólagöngu barna sem eru í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.
  - b. Rætt um kostnað vegna reksturs skóla og samanburðar milli skóla.
  - c. Ákveðið að boða næsta stjórnarfund seinnihluta marsmánaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25